



Umsögn

Efni: Tillaga að uppgjöri lífeyrisskuldbindinga 2023
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fyrir liggur tillaga stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar um uppgjör lífeyrisskuldbindinga á móti skuldabréfum sem Reykjavíkurborg greiddi til sjóðsins við sölu á eignarhlut sínum í Landsvirkjun. Tillagan felur í sér að greiðslur Reykjavíkurborgar til sjóðsins lækka um 1,2 ma.kr. á ári og að heildareignir á móti heildarskuldbindingum verða nánast engar við lokun hans.

Í dag greiðir Reykjavíkurborg viðbótariðgjöld til sjóðsins sem nema 74% af greiddum lífeyri. Viðbótariðgjöldin eiga að tryggja að sjóðurinn geti mætt skuldbindingum sínum til framtíðar. Í tryggingafræðilegri athugun fyrir árið 2022 og ársreikningi sjóðsins kom fram að sjóðurinn stendur vel og að heildareignir nema 15,5 ma.kr. umfram skuldbindingar. Að öðru óbreyttu mun óbreytt fyrirkomulag leiða til eignasöfnunar hjá LsRb umfram skuldbindingar sem er langt umfram eðlilegar kröfur og á sér enga stoð í lögum eða samþykktum LsRb. Megintilgangur þessarar tillögu er að draga úr endurgreiðslum borgarsjóðs til LsRb þannig að eignir við slit sjóðsins verði 656 m.kr. en ekki 15,5 ma.kr.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt erindið og leggur til að það sé samþykkt og vísað til afgreiðslu borgarstjórnar. Vakin er athygli á því að tillagan hefur engin áhrif á bakábyrgð Reykjavíkurborgar á skuldbindingum LsRb. Þá er einnig vakin athygli á því að tillagan hefur ekki áhrif á gjaldfærslu í rekstri A-hluta vegna lífeyrisskuldbindinga. Sjóðstreymi A-hluta styrkist hins vegar sem nemur 1,2 ma.kr. á ári og hefur það jákvæð áhrif á lántökupörf borgarsjóðs.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.